

Nd.

184. Frumvarp til laga

[95. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Eyrarbakkahreppi land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Eyrarbakkahreppi í Árnessýslu allt land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkahreppi með hjáleigum, að undanskildum eignarlóðum, sem þegar hafa verið seldar úr landi Stóru-Háeyrar.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Árnessýslu oddamann. Þó skal Eyrarbakkahreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

Andvirði landsins skal Eyrarbakkahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Eyrarbakkahreppi var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þann 23. des. 1936 staðfesti ráðherra skipulagsuppdrátt fyrir Eyrarbakkakaup-tún. Strax að fenginni staðfestingu var farið að staðsetja nýjar byggingar eftir skipulagsuppdrættinum, og hefur svo verið síðan.

Brátt kom í ljós, að ýmis eldri mannvirki, hús og bæir voru til trafala við skipulagningu samkvæmt hinum nýja uppdrætti, svo sem við mátti búast um svo gamalt þorp. Hreppsnefndin, sem hafði á hendi stjórn skipulagsins, sá fljótlega, að hún hefði helzt þurft að hafa fullan umráðarétt og allra helzt eignarrétt yfir lóðum og löndum innan kaupsins, til þess að hægt væri að koma þessari nýskipan á.

Þetta hefur þó ekki valdið árekstrum fram að þessu og því ekki verið leitað heimildar til kaupa á þessum jarðeignum fyrr. Nú, þegar sýnt er, að kaupa þarf fasteignir eða lóðarréttindi eða hvort tveggja af einstaklingum til þess að geta gert götur, holræsi, vegi eða aðrar framkvæmdir samkvæmt skipulaginu, telur hreppsnefndin á allan hátt eðlilegast, að hreppsfélagið sjálft sé eigandi að landinu, sem framkvæmdirnar eru gerðar á.

Eyrarbakk er nú landbúnaðarþorp. Búfjáreign þorpsbúa hefur vaxið mjög hin síðari ár, og verður nú ekki hjá því komizt að skipuleggja hagbeit fyrir búféð betur en nú er. Ríkissjóður er eigandi að mestum hluta þess lands, sem nú er notað til beitnar.

Eyrarbakkahreppur keypti á árunum 1900—1905 nokkrar jarðir í Sandvíkurhreppi (Flóagaflstorfu), þar sem eru mikil slægjulönd, og Eyrbekkingar hafa lengst af sótt þangað mest af sínum heyskap. Þessar jarðir voru síðan innlimaðar í hreppinn með lögum nr. 52 7. maí 1946.

Þessar jarðir, slægjulönd Eyrbekkinga, liggja að jarðeignum ríkissjóðs, sem Eyrbekkingar nota til beitar. Það er því ljóst, hve óeðlilegt það er, að bændur þurfi að sækja slægjur til annars landeiganda og beitarafnot til hins.

Túnrækt fer mjög vaxandi í hreppnum, og er eingöngu ræktað á landi ríkissjóðs, vegir og skurðakerfi er þó kostað að mestum hluta af Eyrarbakkaheppi og leigutökum. Mælir það einnig með því, að hreppsfélagið verði eigandi jarðanna og þá eðlilega fúsara til að bera kostnað við framkvæmdir, sem gerðar eru á jörðunum.

Búið er að leggja nokkuð af skólpræsum um þorpið, sem að sjálfsögðu eru eingöngu kostuð af hreppsfélaginu. Enn er óunnið mikið verk, áður en fullkomin skólplögn er komin í þorpið, en mjög aðkallandi að framkvæma það, einnig samkvæmt skipulagi gatna og húsa í þorpinu.

Hreppsnefndin lítur þó svo á, að eðlilegast væri, að svo mikið og dýrt verk væri framkvæmt á eigin landi hreppsfélagsins.

Vatnsveita er engin á Eyrarbakka, neyzluvatn tekið úr misjafnlega góðum brunnum. Gerðar hafa verið tilraunir með borun eftir neyzluvatni, en hafa ekki borið þann árangur, sem til var ætlað. Líkur eru því til, að sækja verði vatn um langan veg og kosta til þess miklu fé. Þetta er þó að verða knýjandi nauðsyn, og verður innan tíðar að hefjast handa um framkvæmd þess.

Hreppsnefndin er hins vegar ekki fús til að leggja mikið til slíkra framkvæmda, nema hún verði eigandi landsins, sem þorpið er byggt á.

Það er að lokum álit hreppsnefndarinnar, að á allan hátt sé eðlilegt, að hreppsfélagin eigi sjálf það land, sem þorp eða bæir byggjast á, svo að fjárframlög viðkomandi hreppsfélaga, sem að sjálfsögðu hækka landið að verðgildi, verði áfram þeirra eign í hinum ýmsu framkvæmdum, sem gerðar eru.